

## 8. gr.

Kvikmyndasafn skal safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslenskt efni, gömlum og nýjum, hverju nafni sem nefnast, og varðveita þær. Jafnframt aflar safnið sér eintaka (eftirgerða) af erlendum kvikmyndum sem hafa listrænt og kvikmyndasögulegt gildi.

Heimilt er að koma á skylduskilum kvikmynda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð þar sem m. a. skal kveðið á um greiðslu kostnaðar við skylduskilin.

## 9. gr.

Kvikmyndasafn fær fé til starfsemi sinnar samkvæmt sérgreindri fjárveitingu í fjárlögum hverju sinni. Safninu er einnig heimilt að afla fjár með kvikmyndasýningum og útgáfustarfsemi eða öðrum viðlíka hætti.

Einnig er heimilt að veita fé til starfsemi safnsins úr Kvikmyndasjóði samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

## 10. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum stjórnar Kvikmyndasjóðs.

## 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 14/1978, um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Menntamálaráðherra er heimilt að setja reglur um kvikmyndastörf erlendra aðila á Íslandi að undangenginni ítarlegri athugun.

*Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ragnhildur Helgadóttir.*

**LÖG**

**um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. töluliður 3. gr. laga nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, er breytt var með 1. gr. laga nr. 45 11. maí 1982, breytist svo sem hér segir:

Í stað orðanna „allt að jafnvirði 19 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum“ komi orðin: allt að jafnvirði 33 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum.

2. gr.

Við 7. tölulið 3. gr. laganna bætast orðin: svo og stimpilgjald af hlutabréfum.

8. töluliður 3. gr. laganna, sem bætt var inn með 2. gr. laga nr. 45 11. maí 1982, fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Matthías Á. Mathiesen.*

## LÖG

**um breyting á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85/1968, með síðari breytingum.**

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri gefur út eiturbeiðni. Aðeins má láta úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni. Eiturbeiðnir gilda lengst í eitt ár frá útgáfudegi.

2. gr.

2. mgr. 7. gr. orðist svo:

Fyrirtæki og einstaklingar, sem um getur í 1. til og með 5. tl. 1. mgr. 5. gr., mega einir láta úti og selja eiturefni. Fyrirtæki, sem talin eru upp í 2. tl., mega einungis selja eiturefni svo fremi að efnin séu hluti af venjulegri framleiðsluvöru þeirra eða séu hluti af birgðum eiturefna sem flutt hafa verið inn til eigin þarfa fyrirtækjanna. Heimilt er að selja á frjálsum markaði varning sem inniheldur tiltekin eiturefni, enda skal þá gæta fyrirmæla er lúta að þessu og sett verða í reglugerð skv. 16. gr. Auglýsa skal sérstaklega slíkar undanþágur frá 5. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi við birtingu.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Albert Guðmundsson.*